

**81. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
16. apríl 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Raket Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Formaður óskar eftir, með vísan til samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar, að taka á dagskrá með afbrigðum mál. nr. 1801257 (Vesturgata 67, byggingarleyfi). Málið verður nr. 10 í dagskránni.

**Fyrir tekið:**

**1. 1804117 - Þjóðvegur 51 - göngu og hjólastígur**

Setja burðarhæft efni vegna fyrirhugaðs 1.650 metra langs stígs þegar Veitur endurnýja aðveitulögn hitaveitu frá núverandi hitaveitutönkum að Berjadalsá.

*Skipulags- og umhverfiráð samþykkir að fara í framkvæmdina á þessu ári.*

**2. 1803173 - Vinnuskólinn 2018 - launataxtar unglunga 14 - 16 ára**

Tillaga forstöðumanns um launataxta í vinnuskóla Akraness árið 2018.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um 10% hækkun launataxtanna milli ára.*

**3. 1710116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018-2022.**

Endurskoðun fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2018.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi endurskoðun á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018 og að henni verði vísað til bæjarráðs til afgreiðslu.*

*Í fyrri áætlun var fé til fjárfestinga- og framkvæmda 2018 áætlað 836.591.048 kr.*

*Endurskoðun gerir hinsvegar ráð fyrir að fé til fjárfestinga- og framkvæmda 2018 verði 1.066.992.438.kr.*

**4. 1804110 - Akrasel - verðkönnun**

Lokuð verðkönnun vegna viðhaldsverkefna á leikskólanum Akraseli.

*Verðboð í viðhald á harðviðarklæðningu í Akraseli.*

*Eitt verðboð barst í verkið. Eftirfarandi aðili lagði inn verðboð :*

*- HH málun ehf., verðboðsfjárhæð kr. 1.418.040*

*- Kostnaðaráætlun: kr. 2.254.708*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi verðboð og felur sviðsstjóra að ganga frá verksamningi.*

**5. 1804109 - Teigasel - verðkönnun**

Lokuð verðkönnun vegna viðhaldsverkefna á leikskólanum Teigaseli.

*Verðboð í utanhúsmálun í Teigaseli.*

*Tvö verðboð bárust í verkið. Eftirfarandi aðilar lögðu inn verðboð:*

- Glit málun ehf. verðsboðfjárhæð kr. 6.038.000
- HH málun ehf. verðboðsfjárhæð kr. 2.121.040
- Kostnaðaráætlun: kr. 2.703.945

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir verðboð lægstbjóðanda þ.e. HH málun ehf. og felur sviðsstjóra að ganga frá verksamningi þar að lútandi.*

#### 6. 1804108 - Grundaskóli - verðkönnun

Lokuð verðkönnun vegna viðhaldsverkefna á Grundaskóla.

*Verðboð í utanhúsviðhald á elsta hluta Grundaskóla*

- Glit málun ehf. verðsboðfjárhæð kr. 8.391.000
- Kostnaðaráætlun: kr. 3.773.387

*Verðboð er vel yfir kostnaðaráætlun. Skipulags- og umhverfisráð hafnar því fyrirbyggjandi verðboði.*

#### 7. 1804119 - Krókatún 22 - 24 - grenndarkynning vegna efnisgeymslu

Ósk um grenndarkynningu byggingarleyfis vegna efnisgeymslu.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði samkvæmt 2. mgr. 43. gr. sbr 44.gr skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Grenndarkynnt verði fyrir eigendum fasteigna nr 8,12,14,15,16,18,20,við Krókatún.*

*Byggingarfulltrúa er falið að fá uppfærð kynningargögn í samræmi við umræður á fundi.*

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum lið.

#### 8. 1802357 - Aðalsk. - Grenjar breyting

Kynning á framkomnum ábendingum og umsögnum.

Ákvörðun um opinn kynningarfund sem fyrirhugað er að halda 2. maí nk.

*Breyting felst í fyrirhugaðri stækkun landfyllingar til norðurs til að rýma fyrir stækkun athafnahúsnæðis.*

*Skipulagslýsing vegna breytingarinnar hefur verið auglýst.*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að haldinn verði kynningarfundur um tillögu að aðalskipulagsbreytingu og samhliða því verði kynnt tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir reitinn. Fundurinn skal haldinn miðvikudaginn 2.maí kl.18.00.*

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum lið.

#### 9. 1709090 - Aðalsk. Akraneshöfn - aðalhafnagarður

Kynning á framkomnum ábendingum og umsögnum.

Ákvörðun um opinn kynningarfund sem fyrirhugað er að halda 2. maí nk.

Breyting felst í nýjum hafnarbakka, lengingu á brimvarnargarði og öldudeyfingu milli aðalhafnargarðs og bátabryggju.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að haldinn verði kynningarfundur um fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu og samhliða því verði kynntar breytingar á deiliskipulagi fyrir svæðið. Fundurinn skal haldinn miðvikudaginn 2.maí kl. 18.00.

#### 10. 1801257 - Vesturgata 67 - umsókn um byggingarleyfi

Erindið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43 gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, engar athugasemdir voru gerðar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 11. 1705211 - Fimleikahús Vesturgötu - hönnun / rýnihópur

Kynning á hönnunarteikningum en stefnt er að auglýsingu útboðsins í næstu viku.

Hönnuðir fóru yfir fyrirliggjandi hönnunargögn. Skipulags- og umhverfissvið þakkar góða kynningu og gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gögn.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri, Kristján Garðarsson, arkitekt og Lárus Ársælsson, verkfræðingur sitja fundinn undir þessum lið.

Þessi liður var opinn fyrir bæjarfulltrúa.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Eindur Brandsson

Valgautur S. Jónsson

Kristín Sigurgeirsdóttir

Karitas Jónsdóttir

Rutur Ólsen-leitbr

Stefán Þ. Steindóttir

Ólafur Adalsteinsson